

REGLUGERÐ

um gestagjöld innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu.

1. gr.

Gjaldtaka er heimil innan Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu eftir því sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

2. gr.

Gjald fyrir einn í gistingu í eina nótt á tjaldstæði í tjaldi, fellihýsi, tjaldvagni, hjólhýsi eða húsbíl. Svæðisgjald, sbr. 4. gr. og gistináttaskattur eru innifalin í gjaldinu:

1. Almennt gjald	kr.	1.900
2. Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	kr.	800

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að tjaldstæði er gjaldfrjáls. Veittur er 300 kr. afsláttur af gjaldi fyrir hverja aukanoft ef greitt er samtímis fyrir allar næturnar.

Gjald fyrir gistingu í skála A í eina nótt. Svæðisgjald, sbr. 4. gr. og gistináttaskattur eru innifalin í gjaldinu:

1. Almennt gjald	kr.	5.000
2. Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	kr.	2.500

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að skála A er gjaldfrjáls.

Gjald fyrir gistingu í skála B í eina nótt. Svæðisgjald, sbr. 4. gr. og gistináttaskattur eru innifalin í gjaldinu:

1. Almennt gjald	kr.	4.000
2. Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	kr.	2.500

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að skála B er gjaldfrjáls.

3. gr.

Gjald fyrir aðra þjónustu:

1. Sturtugjald, eitt skipti	kr.	500
2. Rafmagn á tjaldsvæði, pr. sólarhring	kr.	1.000
3. Afnot af þvottavél, eitt skipti	kr.	500
4. Afnot af þurrkara, eitt skipti	kr.	500
5. Afnot af aðstöðu í skála, einn dagur (án gistingar)	kr.	500
6. Veitt aðstoð við ferðamenn	kr.	16.000
7. Útgáfa leyfa, stór verkefni	kr.	25.000
8. Útgáfa leyfa, lítil verkefni	kr.	10.000
9. Aðgangur að íshellum, pr. mann	kr.	1.000
10. Börn, 13 til 17 ára, í fylgd með fullorðnum	kr.	500

Aðgangur barna, 12 ára og yngri, í fylgd með fullorðnum, að íshellum er gjaldfrjáls.

Sturtugjald er innifalið í tjaldsvæðisgjaldi, sbr. 2. gr.

4. gr.

Svæðisgjald í Skaftafelli (sólarhringsgjald frá kl. 00.00 – 24.00):

1. Flokkur A – Fólksbifreið, 5 manna og færri	kr.	750
2. Flokkur B – Fólksbifreið, 6-9 manna	kr.	1.000
3. Flokkur C – Rúta, 10-18 manna	kr.	1.800
4. Flokkur D – Rúta, 19-32 manna	kr.	3.500
5. Flokkur E – Rúta, 33-64 manna	kr.	6.400
6. Flokkur F – Rúta, 65 manna og fleiri	kr.	9.000
7. Bifhjól	kr.	300

Svæðisgjald er innifalið í tjaldsvæðisgjaldi, sbr. 2. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 60/2007, um Vatnajökulspjóðgarð, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 727/2017 um gjaldtöku vegna tjaldstæða og þjónustu í Vatnajökulspjóðgarði.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 13. júlí 2018.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

_____ *Kjartan Ingvarsson.*

_____ **B-deild – Útgáfud.: 17. júlí 2018**